



18. ágúst 2019
Málsnr. 1903072

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Efni: Frekara svar Seðlabanka Íslands við bréfi forsætisráðherra, dags. 15. mars 2019.

Vísað er til bréfs yðar til Seðlabanka Íslands, dags. 15. mars 2019, þar sem óskað var eftir upplýsingum, skýringum og gögnum með vísan til 14. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, um þrjá tilgreinda þætti varðandi greinargerð bankaráðs Seðlabanka Íslands frá 21. febrúar 2019 og bréf umboðsmanns Alþingis frá 4. mars 2019. Jafnframt er vísað til svars Seðlabanka Íslands, dags. 12. apríl 2019, þar sem veitt voru svör við þeim þremur þáttum sem tilteknir voru í bréfi yðar til Seðlabankans. Í bréfinu kom fram að seðlabankastjóri hefði óskað eftir að innri endurskoðandi Seðlabankans skoðaði tölvupósta seðlabankastjóra og fyrrum aðstoðarseðlabankastjóra og önnur tiltæk gögn til að kanna hvort þar kæmi eitthvað fram sem benti til þess að Ríkisútvarpinu hefði verið veittar upplýsingar um fyrirhugaða húsleit hjá [redacted] og ef svo væri hvort yfirstjórn bankans hafi heimilað það. Ekkert kom fram í þeirri yfirferð sem styður við að Ríkisútvarpinu hafi verið veittar trúnaðarupplýsingar og að seðlabankastjóri eða aðstoðarseðlabankastjóri hafi haft um það vitneskju og hvað þá heimilað.

Ástæða þess að aðeins voru skoðaðir tölvupóstar seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra er sú að ef eitthvað hefði fundist þar um ofangreint er ekki víst að frekari athugunar væri þörf. Auk þess var samþykki beggja fyrir leitinni auðfengið og hægt að framkvæma hana fljótt. Víðtækari leit hefði tekið mun lengri tíma enda þá þurft að afla samþykkis fyrrum starfsmanna og þeir haft rétt á að vera viðstaddir. Á þessum tíma var nær mánuður frá því að bréf yðar barst bankanum.

Í ljósi niðurstöðunnar óskaði seðlabankastjóri, þann 17. apríl 2019, eftir því að tölvupóstar [redacted] og vinnugögn [redacted] yrðu skoðaðir m.t.t. hugsanlegra samskipta þeirra við Ríkisútvarpið, í tengslum við það sem um ræddi í bréfi forsætisráðherra, dags. 15. mars 2019. Innri endurskoðandi skilaði samandregnu minnisblaði um niðurstöður sinna skoðana 11. júní 2019.

Skoðun innri endurskoðanda, í kjölfarið á beiðni seðlabankastjóra 17. apríl 2019, leiddi í ljós tölvupósta í pósthólfi [redacted], sem staðfesta samskipti hans við starfsmann Ríkisútvarpsins á tímabilinu 20. febrúar 2012 til 26. mars 2012. Áður hefur komið fram að gjaldeyriseftirlitið var í sambandi við fréttamann Ríkisútvarpsins vegna upplýsinga sem fréttamaðurinn veitti því. Samskipti [redacted] við fréttamanninn virðast hafa tengst því og í engum póstanna eru trúnaðarupplýsingar sendar fréttamanninum. Í einum pósti frá fréttamanninum til [redacted] sem sendur er daginn fyrir húsleitina virðist sem fréttamaður Ríkisútvarpsins hafi haft upplýsingar um húsleitina áður en hún

átti sér stað. Í athugun bankans kemur ekkert fram sem upplýsir hvernig fréttamaðurinn öðlaðist þær upplýsingar. Ekkert svar við póstinum er að finna í pósthólfi

Í bréfi umboðsmanns dags. 4. mars 2019 spyr hann hvaða lagaheimildir séu fyrir því að veita Ríkisútvarpinu fyrirfram upplýsingar um húsleit hjá _____, hafi það á annað borð gerst. Seðlabankanum er ekki kunnugt um neinar slíkar lagaheimildir. Hafi slíkar upplýsingar verið veittar þá er þar um mistök að ræða.


Eftir niðurstöðu athugunar innri endurskoðanda hefur Seðlabankinn haft til skoðunar hvernig hann skyldi bregðast við. Niðurstaða í þeirri athugun hefur því miður dregist þar sem um nokkur álitamál er að ræða og vegna sumarleyfistíma. Ekki er hægt á grundvelli fyrirliggjandi gagna að fullyrða um hvernig fréttamaðurinn öðlaðist vitneskju um fyrirhugaða húsleit. Seðlabankinn hefur ekki þau úrræði sem þarf til að upplýsa það frekar, m.a. þar sem _____ eru hættir störfum hjá bankanum. Jafnvel þótt tækist að upplýsa málið frekar kemur málsmeðferð vegna mögulegra brota á starfsskyldum því ekki til greina, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Einnig kæmi kæra til lögreglu ekki til greina þar sem möguleg sök er fyrnd, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Niðurstaða Seðlabankans er því sú að hann hafi tæmt þau úrræði sem sér standi til boða til að komast frekar til botns í málinu og mun því í ljósi alls ofangreinds ekki aðhafast frekar í viðkomandi máli.

Seðlabankinn lítur svo á þær upplýsingar sem yður eru veittar með bréfi þessu séu með sama hætti og þær upplýsingar og gögn sem afhent voru með fyrra bréfi bankans dags. 12. apríl s.l., háðar þagnarskyldu sbr. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands, sbr. 35. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands.

Virðingarfyllt,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur

Fylgiskjal: Úttekt innri endurskoðanda Seðlabanka Íslands, dags. 11. júní 2019

Afrit: Gylfi Magnússon, formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands.